

Góðan daginn.

Á sama tíma og við fögnum þessari stefnubreytingu hvað varðar örnám og prófgráður viljum við hjá Símenntun Háskólans á Akureyri leggja til að það sé skýrt í lögum að sjálfstæðar sértekjueiningar innan háskólanna hafi leyfi til að selja örgráður, í samstarfi við deildir innan háskólans.

Með tengingu við deildir háskólanna tryggjum við gæði og utanumhald á einingum á sama tíma og sértekjueiningin tryggir fjármagn til að keyra út þessi sömu námskeið. Lögin í dag eru óskýr hvað varðar sölu á einingum hjá opinberum háskólum og mikilvægt að hafa það skýrt upp á framhaldið.

Með kveðju

Stefán Guðnason, forstöðumaður Símenntunar Háskólans á Akureyri.